

REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð um útrýmingu á riðuveiki
og bætur vegna niðurskurðar, nr. 651/2001.**

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinna verður svohljóðandi:

Beingreiðslur greiðast samkvæmt gildandi samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Bein-greiðslur miðast við greiðslumark lögbýlis. Gæðastýringargreiðslur skulu miðast við sömu fram-leiðsluforsendur og afurðatjónsbætur skv. 2. lið þessarar greinar. Ef niðurskurður fer fram skulu álagsgreiðslur vegna gæðastýringar þó aðeins greiddar að uppfyllt hafi verið skilyrði til slíkra greiðslna samkvæmt gildandi reglugerð þar um. Býlisgreiðslur skulu greiddar í samræmi við gripafjölda við niðurskurð. Þá skal greiddur svæðisbundinn stuðningur ef viðkomandi uppfyllir skilyrði fyrir slíkum greiðslum við niðurskurð. Um fyrirkomulag greiðslna gilda ákvæði reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og búvorulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. febrúar 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2021